# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**HVALFJARÐARDAGURINN**
**Hvalfjarðardagurinn er í dag og fer fram á fimm stöðum, á Bjarteyjarsandi, á Hótel Glym, í Ferstikluskála, á Þórisstöðum og í Hernámssetrinu á Hlöðum. WWW.SKESSUHORN.IS**




Innritun
og upplýsingar
á dansskoli.is eða
í síma 553 6645

Salsa
Break
Street
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Barnadansar
Argentískur Tangó
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn – Unglingar – Fullorðnir

**Kennslustaðir:**
Valsheimilið Hlíðarenda
Árbæ - Selásbraut 98 **NÝTT!**

Frístundakortið
ZUMBA fitness

DANSSKÓLI
Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

**Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar**

**Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553-6645 | dans@dansskoli.is**



**Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN í september í 4., 7. og 10. bekk**

**NÁMSAÐSTOÐ**

**Öll skólastig - Reyndir kennarar**

***Nemendaþjónustan sf*** **www.namsadstod.is** **s. 557 9233**




**TAKK FYRIR LEIKINN** Í Tennishöllinni Kópavogi spila saman ungir og aldnir í öllum styrkleikaflokkum.

MYND/ARNÞÓR

# BESTA ÍÞRÓTT HEIMS

**TENNISHÖLLIN KÓPAVOGI KYNNIR** *Tennis er heillandi íþrótt sem nærir líkama og sál. Nú er rétti tíminn til að skrá sig á tennisnámskeið fyrir veturinn.*

Tennis er í mikilli sókn á Íslandi enda skemmtilegt sport og af mörgum talin besta íþrótt heims," segir Jónas Páll Björnsson, framkvæmdastjóri Tennishallarinnar í Kópavogi.

Jónas segir tennis hafa allt sem prýðir góða íþrótt. „Tennis felur í sér ögrandi keppni á milli tveggja einstaklinga, mikla tækni og gott líkamlegt form og andlegt atgervi. Þá er leikurinn ákaflega skemmtilegur og maður gleymir því hreinlega að maður sé að púla."

Tennishöllin Kópavogi er eina tennishöll landsins, með þrjá stóra innanhússvelli og utanhússaðstöðu. Í haust verða mörg spennandi námskeið á stundaskrá Tennishallarinnar og vinsælustu tímarnir óðum að fyllast, að sögn Jónasar.

„Við bjóðum upp á frábær byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir alla aldurshópa og freistandi tilboð. Þar má nefna fjölskyldutilboð um helgar þar sem fjölskyldan getur farið saman í tennis með eða án þjálfara. Þá erum við með opna kvenna- og karlatíma sem eru góður vettvangur til að kynnast öðrum tennisspilurum," útskýrir Jónas.

Í Tennishöllinni er vinsælt fyrir minni og stærri hópa að leigja sér fastan tíma og alltaf hægt að fá staka tíma á tennisvöllum hallarinnar. Ódýrara er að leigja sali fyrir klukkan hálfþrjú á daginn.

„Í Tennishöllinni er ríkulegt barnastarf. Í höllinni æfa sex tennisfélög og eru allir krakkar velkomnir að koma og æfa. Þegar litið er til langs tíma er mikilvægt að velja sér íþrótt sem hægt er að spila ævina út og nú nýtur mikilla vinsælda sniðugt mini-tennisnámskeið fyrir 4-6 ára börn," segir Jónas og getur þess að í Tennishöllinni spili fólk fram á níræðisaldur og allir á sínum hraða.

„Á einu tennisnámskeiði fæst heilmikil kunnátta. Námskeiðin eru skemmtilega uppbyggð og strax mikið fjör og tennisleikir."

Nánari upplýsingar um námskeið og skráningu má sjá á ***www.tennishollin.is.***



**YFIRÞJÁLFARINN** Í Tennishöllinni Kópavogi starfa þjálfarar í fremstu röð. Hér má sjá yfirþjálfarann Jón Axel Jónsson, sem nýlega hlaut hæstu prófgráðu Alþjóðatennissambandsins.










**STRÍÐ** Arnfríður tók þátt í 20.000 manna samkomu í Bandaríkjunum þar sem tekist var á með vopnum. Hún segir alltaf sé farið eftir ýtrustu öryggisreglum. MYND/ARNFRÍÐUR

# MIÐALDIR MEÐ NÚTÍMAÞÆGINDUM

**ÁHUGAMÁL** *Klakavirki er heiti áhugamannafélags um mannlíf á miðöldum. Meðlimir stunda skylmingar og bogfimi og sækja miðaldamót úti um allan heim. Arnfríður Ingvarsdóttir smíðaði sér sverð og brynju sjálf.*

Við erum fullorðið fólk að leika okkur," segir Arnfríður Ingvarsdóttir forritari þegar hún er spurð út í áhugamál sitt. Hún er meðlimur í SCA Klakavirki, áhugamannafélagi um mannlíf á miðöldum. Félagið er hluti af alþjóðlegum félagsskap, SCA, sem stofnaður var í Bandaríkjunum.

„Markmiðið er að hittast, klæða okkur upp og upplifa miðaldir, með ákveðnum nútímaþægindum þó, eins og heitu kaffi og súkkulaði," segir Arnfríður. „Tímabilið sem um ræðir er frá árinu 600 til 1600 og yfirleitt búa félagsmenn búningana til sjálfir og smíða vopn og brynjur. Þegar búið er að klæða sig upp eru stundaðar skylmingar, bogfimi, burtreiðar og fleira," útskýrir hún.

**TILHEYRA RÍKINU DRACHENWALD**

Íslenski hópurinn á upphaf sitt að rekja til herstöðvarinnar í Keflavík. Hann hafði legið í dvala í tvö ár þegar Arnfríður endurvakti hann ásamt fleirum árið 2007. Löndunum sem taka þátt um allan heim er skipt upp í konungsríki og tilheyrir Ísland konungsríkinu Drachenwald, eða Ríki Svarta drekans. Snýst SCA þá um lifandi hlutverkaleik?

„Þetta er ekki LARP þó að margt sem við gerum sé svipað. Við stöndum ekki með teninga í hendinni til að ákvarða hluti eða hendum töfralyfi á fólk. Allar skylmingar og allir bardagar sem sjást hjá okkur eru eins raunverulegir og við getum gert þá án þess að senda nokkurn mann upp á sjúkrahús. Við notum alvöru vopn og við förum eftir ströngum öryggisreglum."

**GRÚSKARAR UPP TIL HÓPA**

Skylmingarnar vöktu áhuga Arnfríðar á félaginu en hún smíðaði sjálf sverðið sitt og brynju.

„Ég dvaldi þrjá mánuði í smiðju í Bandaríkjunum fyrir þremur árum og smíðaði mér hjálm, sverð, hlífar og brynju. En ég sæki líka í söguna og í félagsskapinn en maður kynnist fólki um allan heim. Það má segja að þetta séu grúskarar upp til hópa," segir Arnfríður.



**SKYLMINGAR** Arnfríður Ingvarsdóttir skylmist við félaga sinn í miðaldaklúbbnum Klakavirki. Reglulegar æfingar fara fram í skylmingum á vegum félagsins. MYND/DANÍEL

**FRÆG FYRIR MATARVEISLUR**

Hún reynir að sækja alþjóðlegar samkomur einu sinni til tvisvar á ári og hefur meðal annars farið á 20.000 manna samkomu í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, þar sem hún tók þátt í stríði.

„Þar var ég troðin undir í hamaganginum en það var rosalega gaman," segir hún. „Okkar félag heldur samkomur þrisvar á ári og við erum orðin fræg fyrir matarveislurnar okkar. Við leitum uppi uppskriftir frá miðöldum og notum íslenskt hráefni til að endurskapa réttina. Næsta samkoma verður 11.-13. október í Skagafirði," segir Arnfríður.

Hún segir áhugafólk um miðaldir meira en velkomið í félagið. ■ **heida@365.is**


Eftirtalin námskeið verða haldin hjá Rauða krossinum í Kópavogi haustið 2013:

# Námskeið

**Skyndihjálp 4. september, 16. október og 13. nóvember.**
**Þáttökugjald 6.000 kr.**

**Slys og veikindi barna 21. september, 19. október og 9. nóvember.**
**Þáttökugjald 8.000 kr.**

**Börn og umhverfi 21. - 24. október.**
**Þáttökugjald 8.500 kr.**

**Skráning á námskeiðin er á;**
**http://www.raudikrossinn.is/page/rki_kopavogsdeild**
**nánari upplýsingar í síma 554-6626/861-3336**

**Þátttakendur fá staðfestingarskírteini að námskeiði loknu.**

Rauði krossinn
Kópavogi

kopavogur@redcross.is

sími 554 6626
Opið virka daga kl. 9-15



Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# LAUSN VIÐ TIMBURMÖNNUM

**ICECARE KYNNIR** *DRINKOFF®, Hair Volume og Blue Berry frá New Nordic.*

DRINKOFF® fyrir morgundaginn. Töflur gegn þynnku. DRINKOFF® töflurnar innihalda náttúruleg efni, Fumaric sýru, Succinic sýru, C vítamín og Fólinsýru.

Fumaric sýra hefur verið notuð í matvæli og lækkar sýrustig í fæðu. Fumaric sýra hjálpar til við niðurbrot á Acetaldehyde sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis. C vítamínið í töflunum stuðlar að réttum blóðsykursstyrk og styður við ónæmiskerfið í niðurbrotsferlinu.

DRINKOFF® töflurnar frá Vitrum, er flokkað sem fæðubótarefni og inniheldur náttúruleg efni sem eru ekki lyfseðilsskyld.

Ráðlögð notkun: Takið 2 töflur áður en fyrsti áfengi drykkurinn er drukkinn og 2 töflur eftir síðasta áfenga drykkinn, áður en farið er að sofa. Ef drykkja áfengis stendur í lengri tíma má taka 1-2 töflur eftir hvern drykk. Ekki fleiri en 6 töflur í hvert skipti.

Varúð: Aðeins ætlað fólki eldra en 20 ára. Ekki ætlað barnshafnandi konum eða mjólkandi mæðrum. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef lyf eru tekin að staðaldri, ber að ráðfæra sig við fagfólk áður en Drink Off töflurnar eru teknar. Í tilfelum þar sem of stórir skammtar eru teknir, hafið strax samband við lækni.






**BETRI LÍÐAN** Birna Gísladóttir hjá Icecare segist hafa heyrt frá ánægðu fólki sem prófað hefur Drinkoff. „Þetta svínvirkar."

# HJÁLP FYRIR HÁRIÐ

*Hair Volume stuðlar að líflegra hári.*

Eva starfaði alla starfsævina sem hárgreiðslukona og það skiptir hana miklu máli að hár hennar sé heilbrigt. Hún var alltaf óánægð með sitt slétta og fíngerða hár. Hún hefur nú um nokkurt skeið notað Hair Volume og er mjög ánægð. Hár hennar er líflegt og þykkt.

Eva er 74 ára og býr suður af Kaupmannahöfn. Hún ljómar öll þegar hún talar um árin sem hún starfaði í hárgreiðslunni. „Ég vann alla starfævina sem hárgreiðslukona. Ég hafði alltaf mikinn áhuga á fötum, skóm og hári. Þegar ég var yngri gekk ég alltaf á háum hælum en ég er orðin of gömul til að geta það í dag. Jafnvel þó árin hafi færst yfir er engin ástæða til að leggjast í kör og hætta að hugsa um útlitið. Það er mér mjög mikilvægt að hárið á mér sé vel snyrt og heilbrigt."

**REYNDI HAIR VOLUME**

„Ég las um Hair Volume í tímariti fyrir um þremur mánuðum. Mér fannst það sem ég las mjög áhugavert. Ég fór beint út í apótek og keypti mér pakka. Afgreiðslukonan var mjög jákvæð í garð vörunnar og sagði mér að hún innihéldi mörg gagnleg efni. Ég fór heim full væntinga um kaupin."

**MÆLI MEÐ TÖFLUNUM VIÐ ALLA**

„Eftir að hafa tekið töflurnar í þrjá mánuði er ég ekki í nokkrum vafa um að ég mun halda áfram að taka þær. Hárið á mér er líflegra en nokkru sinni og ég sé mun bæði á húð og nöglum. Ég er nýbúin að kaupa tvo pakka til viðbótar svo ég verði ekki uppiskroppa. Mér er sönn ánægja að mæla með Hair Volume við alla sem ég þekki. Afgreiðslufólkið í apótekinu er meira að segja farið að taka töflurnar" segir Eva með stolti.

**AFGREIÐSLUSTAÐIR**

Hair Volume fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Frekar upplýsingar er að finna á www.icecare.is eða á www.newnordic.com



## NÝ UPPFINNING

**Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unnin er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.**




**HAIR VOLUME** Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald; elfting (horsetail extract), epla-extract, hirsi (millet extract), amínósýrur L-Cysteine og L-methionine, bíótín, pantótenat sýra, zink og kopar. Aðeins ein tafla á dag.

**AÐEINS EIN TAFLA Á DAG**

# VIÐHELDUR GÓÐRI SJÓN

**AÐEINS EIN TAFLA Á DAG**

*Blue Berry-töflurnar hjálpa til við að viðhalda góðri sjón.*

Lútein er litarefni sem er að finna í bláberjum og einnig í gula bletti augans – þeim hluta sjónhimnunnar sem gerir okkur kleift að sjá skýrt það sem er beint fyrir framan okkur.

**ÞAÐ ER NAUÐSYNLEGT AÐ VIÐHALDA EÐLILEGRI SJÓN**

Bente hefur gaman af því að lesa í frístundum sínum. Hún les einnig mikið vinnu sinnar vegna en hún starfar við gerð hljóðbóka. Þess vegna leist henni ekki á blikuna þegar hún fór að lenda í vandræðum með augun fyrir um það bil ári síðan. Lestu um kynni Bente af Blue Berry, en þeirri sögu deilir hún með glöðu geði.

„Fyrir um ári fór ég að taka eftir breytingum á sjóninni þegar ég var að lesa. Þar sem ég les bæði mér til yndis og í starfi mínu olli þetta mér nokkrum vandræðum. Ég hélt ég þyrfti að fá gleraugu. Ég fann líka fyrir óöryggi þegar ég ók bíl í myrkri. Ég var farin að halda að þetta væri aldrinum að kenna."

**HERFLUGMENN BORÐA BLÁBER**

„Ég hafði heyrt mjög margt gott af bláberjum og að herflugmenn borðuðu bláber fyrir næturflug. Þess vegna fannst mér ráð að reyna Blue Berry-töflurnar. Ég er í raun og veru ekkert hrifin af fæðubótarefnum þar sem ég borða holla og næringarríka fæðu en Blue Berry kom mér verulega á óvart. Ég er mjög ánægð með töflurnar."

**MÆLI MEÐ BLUE BERRY-TÖFLUNUM**

„Í fyrstu sagði ég engum frá því að ég væri að taka inn Blue Berry-töflurnar frá New Nordic en núna mæli ég glöð með þeim við vini, samstarfsfólk og fjölskyldumeðlimi."

**NOTKUN BLUE BERRY**

Flestir byrja að taka Blue Berry þegar þeir finna að sjónin er að breytast en það er ekkert sem mælir móti því að byrja fyrr til að fyrirbyggja breytingar. New Nordic Blue Berry-töflurnar koma ekki í staðinn fyrir heilsusamlegt og fjölbreytt fæði en þær eru góður kostur til að viðhalda augnheilsu, ríkar af lúteini og A-vítamíni. A-vítamín hjálpar til við að viðhalda eðlilegri sjón. Takið eina töflu daglega með morgunmatnum.

**GÖMUL HEFÐ Í NÝJUM BÚNINGI**

Vörur sem innihéldu bláber voru með fyrstu fæðubótarefnum sem fengust í apótekum. Þessi kunna ofurfæða hefur verið vinsæl um aldir.

Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar þróaði New Nordic Blue Berry-töflurnar sem innihalda náttúrulegt lútein í samsvarandi magni og er í einu kílói af ferskum bláberjum. Sú þróun er gott dæmi um hvernig náttúrulækningar í bland við nútíma tækni geta skilað miklum árangri.



## BLUE BERRY

**Verndar og styrkir sjónina.**

**Innihald: A-vítamín, zink, kopar, bláberjaþykkni eyebright-extract (Euphrasis officinalis), lútein úr tagetes-þykkni.**

**Aðeins ein tafla á dag.**

**Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaðanna**




**Blue Berry** inniheldur mikið magn af lúteini, náttúrlega litarefninu sem stuðlar að virkni gula blettsins í auganu sem gerir okkur kleift að sjá skýrt. Blue Berry frá New Nordic er fáanlegt í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Upplýsingar er hægt að fá á **www.icecare.is** eða á **www.newnordic.com**


ER ALLT KLÁRT Í HAUSTVEIÐINA?
Verslaðu í einu sérhæfðu fluguveiðiverslun landsins
GUIDELINE
Alta vöðlur
Ný tækni, engir saumar. Vöðlur gerast líklega ekki betri en þessar.
LOOP
CROSS S1
Flugustangir
– Stöngin sem breytir leiknum –
Verið velkomin í verslun okkar á Langholtsvegi til að kynnast af eigin raun hvernig Loop hefur tekist að þróa stöng sem kollvarpar öllu því sem menn héldu að enn væri hægt að bæta við flugustangir hvað gæði og eiginleika varðar.
Core jakki
GUIDELINE
Veiðijakkar gerast ekki hlýrri en þessi. Líka góður í útivistina.
PRIMALOFT 400 G
4Cast
Test winner in Trout&Salmon Magasin.
Flugulínur
Línurnar frá Guideline eru algjörlega búnar að slá í gegn hjá íslenskum veiðimönnum.
Flugustangir
GUIDELINE
LXI tvíhenda, nýjasta stöngin frá Guideline
– sannkallað meistaraverk!
GUIDELINE lxi 13'9 #8/9
Fluguhjól
Einfaldlega yfirburða hjól frá snillingum Loop og Guideline.
Flugubarinn
Önnur eins gæði er erfitt að finna...
GUIDELINE
LOOP
– stóru merkin í Skandinavíu
LOOP
hefur fengið nýtt heimili!
Nú færð þú Loop veiðivörur í Veiðiflugum, einu sérhæfðu fluguveiðiversluninni á íslandi
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Í 12 MÁN
Veiðiflugur
Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060

## BÍLAR & FARARTÆKI

PLANIÐ bílasala 5170000



TOYOTA Yaris. Árgerð 2007, ekinn 61 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.590.000. Rnr.300273.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2006, ekinn 120 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.104695.



TOYOTA Hilux double cab d/c, sr. Árgerð 2007, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.104713.



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2002, ekinn 139 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 970.000. Rnr.104512. Á staðnum

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið mán - fös 10-18 og lau 12-16**
**www.planid.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

bíll.is bestir í bílum...



**32 MANNA HÓPFERÐABÍLL**

M.BENZ 1117 árg. 1987 ek. 3 þús á mótor og kúplingu, 32" manna, belti í öllum sætum, WC, bíll í toppstandi og klár í akstur, verð 2.990 þús

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

hjól.is bestir í hjólum...



**KAWASAKI TILBOÐ 1**

KAWASAKI KX-85 árg. 2007 ek. 25 tíma, topp hjól á frábæru tilboðsverði 199 þús, 100% vísalán afb. 7 þús



**KAWASAKI TILBOÐ 2**

KAWASAKI KX-450 EAF árg. 2010, breiðara fótstig, atbar rental stýri og Big gun kútur, nýr stimpil í 70 timum, vel með farið eintak á tilboðsverði kr. 590 þús, 100% vísalán afb. 19 þús



**KAWASAKI TILBOÐ 3**

KAWASAKI NINJA ZX-6R árg. 2007 ek. 8 Þkm, glæsilegt eintak af hjóli í toppstandi, góð dekk, nýbúið að skipta um allar olíur og vökva, tilboðsverð 799 Þús, 100 vísalán afb. 25 þús

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

SUZUKI



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



**GLÆSILEGUR EL CAMINO**

CHEVROLET El camino 1971 sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.103772. Netbílar.is 5885300

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2013, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.090.000. Rnr.140678.



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2010, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.990394.



MERCEDES BENZ Ml 350 bluetec 4matic. Árgerð 2012, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.990.000. Rnr.990521.



NISSAN Pathfinder. Árgerð 2006, ekinn 121 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.160279.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



MERCURY Marquis Brougham. Árgerð 1980, 302 V8 Uppt vél og ssk. Lakk nýlegt. Tilboð 790þ ! Ásett verð 980þ. nr.132767. Kortalán möguleiki Visa/ Euro/Mastercard allt að 1 milljón í 12-36 mánuði ! Glæsivagn með stíl !

**Vantar bíla á skrá og á staðinn! Góð sala.**

**20 ára traust og góð þjónusta!**

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



NISSAN PATHFINDER LE IT 35" breyttur 06/2006, ekinn 107 Þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.680.000. Raðnr.283476 - Er á staðnum!



SUZUKI GRAND VITARA 06/2007, ekinn 95 Þ.km, 5 gíra. Verð 1.870.000. Raðnr.281925 - Er á staðnum!



HYUNDAI TUCSON LUX 4X4 10/2007, ekinn 116 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, lúga ofl. Verð 1.790.000. Raðnr.310721 - Er á staðnum!



SUBARU FORESTER LUX 082007, ekinn 134 Þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Raðnr.135967 - Er á staðnum!



SUBARU FORESTER 02/2006, ekinn 141 Þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Raðnr.251376 - Er á staðnum!



FORD ESCAPE XLS 4X4 4DR 08/2005, ekinn 120 Þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.150.000. Raðnr.310747 - Er á staðnum!



NISSAN X-TRAIL 04/2003, ekinn 126 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 990.000. Raðnr.283593 - Er á staðnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

## Bílar til sölu



Hyundai Tucson 4x4 V6 2,7. Árg.2006, ekinn 93þ. km. Sjálfskiptur og mjög vel með farinn. Verð 1790 þús.Uppl. í síma 8566484.



**LAND CR.-TOPP EINTAK**

VX- Árg. 2000, Disel, beinsk. Ek.195 þ. km. 5 manna. Nýl. mjög góð heilsársdekk, vetrardekk á felgum. Sparneytinn eðal gripur. Verð: tilboð. Sími 899 8252 eða 663 0968.



Hyundai Tucon árg.05, 2,0L Bensín, beinsk 5g. Ek. 109þ, sumar/vetrard. Einn eigandi. Ath skipti á nýlegum millistórum fólksbíl. Ásett verð 1200 þús. s. 6641073.



Til sölu er þessi góði og lítið keyrði húsbíll. Dodge Ram 1500 árg. 1990. Uppl.í síma 897-1890



Toyota Landcruiser GX árg. 2000 Sjálfskiptur, ekinn 188.000km mjög vel með farið eintak. Nýlegur dekkjagangur á álfelgum, stigbretti, nýskoðaður. Verð kr. 1.790.000.- Upplýsingar í síma 820-1002



**ALGJÖR DEKURBÍLL**

Til sölu Subaru Impreza Sport árg.'09 ek. aðeins 8.000 km. Stórglæsilegur bíll. Verð 3.300.000. Uppl. í S: 772 9075.



Toyota 4Runnar á 35" dekkjum til sölu. Bensín, skoðaður 14, árg. 93, með ýms.aukabúnaði t.d. loftdælu. Verð 350 þús. Gunnar 8439980"



Volksw. Jetta, árg. 2008. ek. 77000 km. Fallegur og vel meðfarin, góð kaup. Verð: 1.890 þús. s. 616-7747.




Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkominn! Rafbílar og Evrópsk hleðslutæki fyrir alla rafbíla. Bjóðum allar gerðir nýrra og nýlegra bíla frá helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is - S. 5522000.



Toyota Avensis 2001 árg. Ek. 196þús. Í góðu standi. Verð 600 þús. eða skipti á Yaris. 698 9105.



Til sölu Pajero, árg.'03, ek. 112 þ. Topp viðhald. Uppl. í S: 892 9118.



LINCOLN NAVIGATOR LONG Einn eigandi, engin skipti. Verð 5,3 m. Uppl: Styrmir s. 895-9974.



SUBARU IMPREZA WRX 4WD Verð 1.090 m., engin skipti. Uppl: Styrmir s. 895-9974.



Til sölu 7 manna Hyundai Trajet. 2003 árgerð. Ekinn 190 þ. Vel við haldinn. Á 590 þ. kr. Uppl. Í síma 7756511.

## til sölu

*Til sölu algjör eðalbíll*

**Opel Antara ELEGANCE m/öllu**



Mjög vel með farin bíll sem lítur út eins og nýr
Einn eigandi og þjónustubók fylgir

**Árgerð 2009, diesel, sjálfskiptur, ekinn 72.000,- litur Navy blár**
Upplýsingar í síma 821-4645

*Ásett verð kr. 3.890.000,-*
*Staðgreitt kr. 3.290.000,-*

